



Alþingi
Erindi nr. P 127/374
komudagur 5.12.2001

SAMKEPPNISSTOFNUN

Málsnúmer/bréfalykill

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 5. desember 2001.

Með bréfi, dags. 9. nóvember 2001, óskar efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Samkeppnisstofnunar um frumvarp til laga um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmunum neytenda, 150. mál, EES-reglur. Umsögn Samkeppnisstofnunar er eftirfarandi:

Í 3. gr. frumvarpsins kemur fram að viðskiptaráðuneytinu er falið að krefjast aðgerða, lögbanns eða höfðunar máls, til verndar heildarhagsmunum neytenda. Jafnframt segir í 2. mgr. að ráðuneytið geti einnig útnefnt félagasamtök til að njóta sömu heimildar.

Eins og segir í almennum athugasemdum frumvarpsins og tilskipun þeirri sem lögfest er með frumvarpinu er verið að tryggja að til séu réttarúrræði til þess að stöðva ólögsmæta markaðsfærslu (viðskiptahætti) sem er í andstöðu við tilskipanir á sviði neytendaverndar sem nánar eru upp taldar í tilskipuninni. Tilgangurinn sé að auðvelda yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum að krefjast aðgerða í því ríki þar sem varnarþing fremjanda brotsins er. Jafnframt sé heimilt að setja reglur um að samráð skuli haft við innlend eftirlitsstjórnvöld í því landi sem fyrirtækið eigi varnarþing í og veita því stjórnvaldi möguleika á að hefja málssókn í staðgöngu erlends stjórnvalds skv. nánari reglum.

Af þessu tilefni vill Samkeppnisstofnun vekja athygli á að markaðsmálasviði stofnunarinnar er í dag falið eftirlit með fimm af þeim ellefu tilskipunum sem upp eru taldar í 1. gr. frumvarpsins. Því til viðbótar er stofnuninni kunnugt um að gert verði ráð fyrir að Samkeppnisstofnun hafi eftirlit með markaðsfærslu vegna tilskipunar um rafræn viðskipti. Þá fellur tilskipun um óréttmæta skilmála í neytendasamningum m.a. undir 20. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisstofnun hefur því afskipti af alls sjö tilskipunum af þeim ellefu sem frumvarpið tekur til.

Þá bendir Samkeppnisstofnun á að 6. tl. 1. gr. kveður á um tilskipun um lyfjaauglýsingar sem Lyfjastofnun er í dag falið eftirlit með.

Rauðarárstígur 10
Pósthólf 5120
125 Reykjavík
Sími: 552 7422
Bréfasími: 562 7442
www.samkeppni.is
samkeppni@samkeppni.is
Kt. 680269-5569



Samkeppnisstofnun telur rétt að hugað verði að því hvort rétt sé að tilnefna eingöngu viðskiptaráðuneytið sem það íslenska stjórnvald sem krafist geti aðgerða gegn þeim sem á einhvern hátt brjóta gegn ákvæðum þeirra tilskipana sem upp eru taldar í 1. gr. frumvarpsins.

Í þessu sambandi má nefna að í Danmörku hafa Forbrugerstyrelsen (Neytendastofnunin) og Lægemiddelstyrelsen (Lyfjastofnun) verið tilnefnd í þessu skyni. Þá má í skrá Framkvæmdastjórnarinnar (2001/C 222/07) sem gefin er út í samræmi við grein 4(3) í tilskipuninni sjá þá sem tilnefndir eru í Finnlandi, Þýskalandi og Austurríki. Í Finnlandi eru tilnefnd umboðsmaður neytenda, ýmis neytendasamtök, Fjármálaeftirlit, Lyfjastofnun, Hollustuvernd og Fjarskiptastofnun. Í Þýskalandi eru það m.a. ýmis leigjenda- og neytendasamtök. Í Austurríki m.a. Verslunarráð, launþegahreyfingar og neytendasamtök.

Með vísan til framangreinds leggur Samkeppnisstofnun til að orðalag 3. gr. frumvarpsins verði eftirfarandi:

Viðskiptaráðuneytið getur, í samráði við önnur ráðuneyti eftir því sem við á, útnefnt stjórnvöld og samtök til að njóta heimildar til að krefjast þeirra aðgerða, sem nánar greinir í 4. gr., fyrir yfirvöldum eða dómstólum hér á landi eða í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu til að vernda heildarhagsmuni íslenskra neytenda, enda hafi afleiðinga athafnarinnar gætt hér á landi.

Setja má í reglugerð nánari skilyrði fyrir þessari heimild og beitingu/notkun¹ hennar. Viðskiptaráðherra skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um nafn og tilgang stjórnvalda og samtaka sem útnefnd eru samkvæmt þessu og nánari skilyrði, sem kunna að verða sett um heimild þeirra í reglugerð, til að fá þau tekin þar á skrá, sbr. 2. gr.

Samkeppnisstofnun telur að með slíkri breytingu væri komið til móts við þær tilskipanir sem frumvarpinu er gert að taka tillit til og snúa að verksviði t.d. heilbrigðisráðuneytis, menntamálaráðuneytis og stofnana á þeirra vegum þ.m.t. Lyfjastofnun.

Þá telur Samkeppnisstofnun rétt að í athugasemdum með 3. gr. frumvarpsins verði útskýrt í hvaða tilvikum gert sé ráð fyrir að íslensk stjórnvöld eða samtök geti farið í mál gegn íslenskum fyrirtækjum á Íslandi. Vætanlega er þar um að ræða að ráðist er í aðgerðir fyrir hönd erlendra stjórnvalda eða samtaka, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Jafnframt þeim tilvikum sem enginn sérstakur eftirlitsaðili er með ákvæðum viðkomandi tilskipunar, sbr. liði 8 og 10 í 1. gr. frumvarpsins.

Í tilefni þess sem segir í almennum athugasemdum frumvarpsins um samstarfssamning umboðsmanna neytenda á Norðurlöndum vill Samkeppnisstofnun minna á að stofnunin hefur verið sá aðili á Íslandi sem hefur haft samskipti við þá.

Samkeppnisstofnun telur jafnframt rétt að vekja athygli á að verði frumvarp þetta að lögum getur komið upp sú staða að úrræði gagnvart athöfnum íslensks fyrirtækis sem brýtur af sér í einhverju öðru EES-ríki verði virkari en gagnvart sama fyrirtæki sem brýtur gegn hagsmunum neytenda hér á landi. Á þetta t.d. við um brot gegn lögum um alferðir og lögum um húsgöngu- og fjarsölu. Brot gegn þeim lögum er farið með

¹ Í frumvarpinu er notað orðið „neytingu“. Ekki er ljóst hvað við er átt.



sem opinber mál hér á landi en heimildir samkeppnisyfirvalda um bann, fyrirmæli eða sektir gilda ekki. Að mati Samkeppnisstofnunar getur þetta kallað á lagabreytingar hvað varðar úrræði.

Virðingarfyllst,
f.h. Samkeppnisstofnunar


Anna Birna Halldórsdóttir